

Landsbankinn hf.

*Sent í stafrænt pósthólf Ísland.is
Berist jafnframt til persónuverndarfulltrúa*

—
Samrit sent lögmönnum kvartanda

Reykjavík, 7. maí 2026
Tilvísun: 2026030440/Ó.Ó.

Efni: Tilkynning um kvörtun til Persónuverndar

Persónuvernd hefur borist hjálögð kvörtun frá Gesti Gunnarssyni lögmanni og Helgu Björgu Jónsdóttur lögmanni, f.h. umbj. þeirra Ivan Nicolai Kaufmann (kvartandi), dags. 5. mars 2026, yfir afgreiðslu Landsbankans hf. (bankinn) á aðgangsbéidni kvartanda.

Í kvörtun greinir m.a. að kvartandi hafi þann 20. janúar 2026 lagt fram aðgangsbéidni, sem hafi verið svarað af hálfu bankans þann 23. febrúar s.á., með því að veita aðgang að gagnaherbergi þar sem einungis hafi verið veitt afrit af þeim gögnum sem kvartandi hafði sjálfur sent til bankans. Hafi bankinn því hvorki veitt aðgang né upplýsingar um þau gögn sem bankinn sjálfur hafði útbúið eða aflað um kvartanda, s.s. innri greiningargögn, áhættumat o.s.frv. Um nánari tilgreiningu á umkvörtunarefnum kvartanda vísast til kvörtunar og fylgiskjala hennar sem samhliða bréfi þessu verða send í stafrænt pósthólf bankans.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að bankinn afgreiddi framangreinda béidni kvartanda 34 dögum eftir viðtöku hennar, án þess að tilgreina ástæður fyrir töfinni líkt og áskilið er í 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Með hliðsjón af kvörtun og greinargerð með henni lítur Persónuvernd hins vegar svo á að ágreiningur sé fyrst og fremst gerður um efnislega afgreiðslu béidninnar og mun stofnunin því ekki taka afgreiðslutíma hennar til frekari skoðunar.

Hér með er Landsbankanum hf. tilkynnt um framangreinda kvörtun og veittur kostur á að tjá sig um hana, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Persónuvernd fer sérstaklega fram á að upplýst verði um eftirtalin atriði:

1. Hafi kvartanda verið afhent afrit af persónuupplýsingum sínum, sbr. 3. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, er þess óskað að upplýst verði um það. **Jafnframt skal þá tilgreina á sundurliðaðan hátt hvort einhverjar upplýsingar voru undanskildar og þá hverjar, sem og á hvaða forsendum það var gert.**
2. Hafi aðgangsréttur kvartanda verið takmarkaður samkvæmt framansögðu, er óskað eftir upplýsingum um hvort bankinn hafi framkvæmt hagsmunamat, líkt og vísað er til í leiðbeiningum Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB) nr. 1/2022 um aðgangsrétt, og ef svo er hvort bankinn geti sýnt fram á að svo hafi verið gert, með hliðsjón af ábyrgðarskyldu



bankans skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.
Óskar Persónuvernd eftir afriti af hagsmunamatinu hafi það verið skjalfest.

Persónuvernd biður um að svör berist stofnuninni eigi síðar en 21. maí 2026.

F.h. Persónuverndar,

Ósk Óskarsdóttir

Sent í stafrænt pósthólf á Ísland.is:
Afrít af kvörtun, dags. 5. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.

Persónuvernd hefur eftirlit með því að lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, reglugerð (ESB) 2016/679 (almennu persónuverndarreglugerðinni) og lögum nr. 75/2019, um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi sé fylgt.

Til þess að Persónuvernd geti sinnt eftirlitshlutverki sínu hefur hún ýmsar valdheimildir, sbr. m.a. 41. gr. laga nr. 90/2018 og 31. gr. laga nr. 75/2019. Persónuvernd getur meðal annars fyrirskipað að ábyrgðaraðili og vinnsluaðili, eða fulltrúi þeirra, veiti hverjar þær upplýsingar sem stofnunin þarfnast vegna framkvæmdar laganna og reglugerðarinnar. Þá hefur Persónuvernd heimildir til að fá hjá ábyrgðaraðila og vinnsluaðila aðgang að öllum þeim gögnum sem nauðsynleg eru við framkvæmd laganna og reglugerðarinnar.

Athygli er vakin á því að Persónuvernd getur lagt á stjórnvaldssektir vegna tiltekinna brota gegn lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679. Um skilyrði þess er nánar fjallað í 46.-47. gr. laga nr. 90/2018.